



Stekkjaskóla, 3. maí 2024

Kæru forráðamenn

Opinn fundur í skólaráði þriðjudaginn 7. maí

Þriðjudaginn 7. maí kl. 14:00 verður opinn fundur í skólaráði Stekkjaskóla skv. starfsáætlun ráðsins. Dagskrá fundarins er eftirfarandi:

1. Skólaráð og hlutverk
2. Skólapúlsinn - Niðurstöður úr nemendakönnun apríl 2024
3. Moodup - starfsmannakönnun
4. Kaffihúsafundur um innra mat
5. Önnur mál

Á heimasíðu skólans má sjá upplýsingar um skólaráð. Sjá [hér](#).

Öll velkomin.

Skertur dagur, miðvikudaginn 8. maí

Miðvikudaginn 8. maí er skertur skóladagur hjá nemendum skv. skóladagatali. Hefðbundnum skóladegi lýkur þá kl. 12:30.

Kennarar og aðrir uppeldismenntaðir starfsmenn í Stekkjaskóla munu þennan dag vinna að námsmati.

Allir nemendur fara heim kl. 12:30 nema þeir sem eru í frístund. Stuðningsfulltrúar munu vera með frístundabörnunum í leik og starfi þar til starfsmenn frístundar taka við þeim á hefðbundnum tíma.

Skólaakstur

Nemendur sem búa í dreifbýlinu verða keyrðir heim þennan dag kl. 12:40 með viðkomu í Sunnulækjarskóla.

Kærar kveðjur, skólastjórnendur Stekkjaskóla